

Aðalfundur FMA 28.02'15

1. Formaður Setti fundinn og bauð fundargesti velkomna því næst las hann upp fundarboðið. Þá óskaði formaður eftir athugasemdum við boðun fundarins ef einhverjar væru. Svo var ekki og úrskurðaði formaður þá fundinn löglega boðaðan og ályktunarhæfan, því næst var kosinn fundarstjóri og var stungið upp á varaformanni félagsins Jóhanni Valberg Jónssyni og var það samþykkt.

Ritari las svo upp fundargerð síðasta félagsfundar og óskaði að því loknu hvort athugasemdir væru við fundargerð eins og hún var upp lesin, engar athugasemdir komu fram. Og var hún samþykkt.

Formaður las skýrslu stjórnar og að því loknu fór Hermann Brynjarsson endurskoðandi í gegnum ársreikning FMA. Voru engar athugasemdir gerðar við skýrslu stjórnar né ársreikning, né komu neinar fyrirspurnir um þær.

Næst á dagskrá var stjórnarkjör en í ár var kosið til tveggja ára, formann, ritara, tvo meðstjórnendur og þrjá varamenn í stjórn. Auk þess þurfti að kjósa varamann á seinna tímabil fyrir Jón Inga Sævarsson en hann er í framboði til ritara og kosinn til tveggja ára í það embætti.

Formaður félagsins Jóhann Rúnar Sigurðsson var endurkosinn einróma. Næst var kosið um ritara en Jón Ingi Sævarsson hlaut einróma kosningu. Þá var komið að því að kjósa tvo meðstjórnendur og voru þeir bornir upp báðir í einu, það voru þeir Arnþór Örylgsson og Bóas Ingi Jónasson þeir fengu einróma kosningu en Bóas kom inn í stað Hákonar Hákonarsonar sem ekki gaf áframhaldandi kost á sér til setu í stjórn. Því næst var kosið um þrjá varamenn í stjórn og voru þeir allir bornir upp í einu það voru þau Einar E. Brynjarsson, Ásmundur Kristján Sigurðsson og María Fernanda Reyes og voru þau samþykkt einróma. Að því loknu var kosinn varamaður inn fyrir Jón Inga Sævarsson sem var til eins árs en Jón Ingi gekk inn í stjórn nú sem ritari og átti eitt ár eftir af setu sem varamaður. Borinn upp var Jónas Jónsson og var hann samþykktur einróma.

Næst á dagskra var að kjósa skoðunarmenn félagsins en kosnir voru Hákon Hákonar og Finnbogi Jónsson. Varamaður var kosinn Brynjólfur Jónsson.

Lagt var fram að félagsgjöld yrðu óbreytt 1% og urðu engar athugasemdir við það.

Fundarstjóri fékk orðið og útskýrði forsendur lagabreytinga sem stjórnin leggur til.

Lagabreytingar voru síðan lagðar fram af hálfu stjórnar. Og voru þær samþykktar með örlitlum orðalagsbreytingum. Meðfylgjandi á blaði eru lagabreytingarnar eins og þær voru samþykktar.

Þá var komið að liðnum kjarakönnun og kjaramál.

Fór formaður yfir kjarakönnunina sem gerð var í vetur og þótti athyglisvert hvað laun hér eru talsvert lægri en á höfuðborgarsvæðinu en hátt í 60.000 króna mismunur sé á meðallaununum.

Því næst kynnti formaður svo samstarfssamning milli iðnfélagana hér á landi og lýsti fyrir félagsmönnum hvernig staðan væri og þróun samningsins. Kom sú spurning upp um að setja þá

kröfu að verðtryggja launin, svaraði formaður að SA myndi líklegast aldrei ganga að slíku en það væri alltaf í umræðunni.

Kom fram að það væri ekki gott að engar tölur væru komnar fram frá iðnaðarfélagunum, en formaður benti á að bæði stjórn og trúnaðarmenn væru búin að sjá þær tölur en trúnaður væri að svo stöddu um þær. Móta þyrfti fyrst samstarfið hjá iðnfélagunum og að eðlilegast væri að það yrði beðið með það þar til að iðnfélagið er tilbúið að leggja það til fyrir SA. Var þá spurt hvort að kröfurnar væru eitthvað í líkingu við samninga við ríki og bæjarstarfsmenn. Benti formaður á kjarakönnun FMA og launamun milli AK og RVK og sagði að þetta væri mál sem þyrfti að leiðrétta. Kom sú spurning um möguleikann á að hafa desember- og orlofsuppbót skattfrjálsa og svaraði formaður því að það væri í raun statt í sérkjaramálunum.

Kom sú spurning upp hvort að það væri til verkfallssjóður hjá FMA. Hákon svaraði að á sínum tíma hafi verkfallssjóð verið breytt í styrktarsjóð og væri þar af leiðandi ekki til lengur. Bætti formaður við að með samvinnu með hinum iðnfélagunum væri meiri möguleiki á að þrýstingi yrði beitt og þar af leiðandi minni hætta á verkföllum og möguleiki á því að velja sér aðila innan iðnaðarsamfélagsins til að beita sér með stuðningi hinna félaganna.

2. Önnur mál voru.

Fundarstjóri afhenti svo Jóhanni formanni félagsins orðið en formaðurinn hafði óskað þess að slíta fundi. Formaður fór yfir að nú væru sérstök tímamót á þessum fundi en Hákon Hákonarson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn eftir að hafa verið í stjórn félagsins frá því 1968 og þar lengst af formaður þess. Fór formaður í stuttu máli yfir þá sögu og afhenti Hákon Hákonarsyni blóm með þakklæti fyrir samstarfið við núverandi stjórn. Hákon var kvaddur af félagsmönnum með standandi lófaklappi.

Í lokin tók til máls Hákon Hákonarson og þakkað hlý orð í sinn garð, og þakkið öllum þeim mikla fjölda félagsmanna sem hann hafði starfað með í stjórn félagsins svo og öllum öðrum félagsmönnum fyrir frábært samstarf á löngum ferli í stjórn félagsins, óskað félaginu og stjórn þess farsældar í framtíðinni

3. Fundi slitið kl 12.35